

## 96. fundur stjórnar FnS 26. janúar 2012

Mætt: Gylfi Þorkelsson, Þór Hreinsson, Guðríður Aadnegaard, varamaður Magðalenu Jónsdóttur, Arna Ír Gunnarsdóttir, varamaður Ingvars Péturs Guðbjörnssonar og Gunnar Bragi Þorsteinsson. Einnig sat fundinn Ásmundur Sverrir Pálsson, framkvæmdastjóri.

### Dagskrá:

#### 1. Starfs- og rekstraráætlun skv. samningi við mennta- og menningarmálaráðuneytið

Framkv.stjóri kynnti málið og fór yfir meginatriðin í drögum að starfsáætlun sem hann hefur sett saman. Kennir þar margra grasa. Rekstraráætlun til ráðuneytisins er í vinnslu en sér fyrir endann á samantekt hennar.

#### 2. Vorönn 2012

Framkv.stj. fór yfir námskeiðahald vorannar. Alls eru áætluð 9 námskeið í samstarfi við FA og vorannarnámskeiðin eru ýmist full eða að fyllast. Áætlaður kennslustundafjöldi er tæpar 1387 stundir á þessum námskeiðum, sem er ívið meira en á vorönn 2011. Það er merkjanlegt hve mjög hefur fjölgað á íslenskunámskeiðum fyrir útlendinga. Af öðrum námskeiðum er það að segja að skráningar eru komnar vel af stað og ganga ágætlega. Stjórn fagnar fjölbreytileika námskeiðanna sem í boði eru í námsvísinum.

#### 3. Viðræður við Fjölmennt, sbr. erindi Fjölmenntar frá því í haust

Framkv.stj. lagði fram drög að samningi milli Fjölmenntar og Fræðslunetsins.

#### 4. Starfsmannamál

Formanni falið að fara yfir kjaramál í samstarfi við framkvæmdastjóra og leggja tillögu fyrir stjórn.

#### 5. Húsnæðismál

Boðað hefur verið til fundar með Sveitarfélaginu Árborg þar sem kynnt verða drög að leigusamningi. Vonir standa til að hægt verði að flytja Fræðslunetið í annað húsnæði (Sandvíkurskóla) í vor.

#### 6. Önnur mál

Framkv.stj. ræddi meginniðurstöður ársreiknings, sem liggur fyrir í drögum. Útlitið er gott en endanlegur ársreikningur mun liggja fyrir fljótlega og verður tekinn fyrir á næsta fundi.

Spurt var um Nýheima á Höfn. Nýjustu fréttir eru að væntanlega þarf stjórn ekki að vænta þess að taka við starfsemi fræðslumiðstöðvarinnar á Höfn á þessu ári.